

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 11. apríl 2007 í máli

nr. S-43/2007:

Ákærvaldið

(Eypór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

X

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. mars sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, útgefni 16. febrúar sl., á hendur X,

„fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 23. september 2006, verið með í vörslum sínum 0,44 grömm af kókaíni á veitinga- og skemmtistaðnum Sjallanum, Geislagötu 14 á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. lög nr. 13, 1985 og sbr. lög nr. 82, 1998 og 2. gr. sbr. 14. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana og fíkniefna nr. 233, 2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku á 0,44 grömmum af kókaíni, sem lögreglan lagði hald á og tilgreint er í efnaskrá nr. 10.540, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233, 2001.“

Fyrirkall í máli þessu var gefið út þann 22. febrúar sl. og birt ákærða 5. mars sl. Við þingfestingu málsins þann 14. mars sl. sótti ákærði ekki þing og var málið þá dómtekið að kröfu sækjanda með vísan til 1. mgr. 126. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þykir mega jafna útivist ákærða til játningar hans, sbr. téða lagagrein, enda fer sú niðurstaða eigi í bága við gögn málsins. Telst sök ákærða því nægjanlega sönnuð og varðar við tilgreind lagaákvæði í ákæruskjali.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins gekkst ákærði undir sátt um greiðslu sektar fyrir fíkniefnalagabrot þann 13. september 2000. Hann var dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, þann 1. mars 2004 fyrir þjófnað og fíkniefnalagabrot. Þann 24. júní 2005 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir ölvunarakstur. Þann 12. september 2005 var hann dæmdur í 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir líkamsárás og brot á vopnalögum. Með broti því sem

ákærði er nú sakfelldur fyrir hefur hann rofið skilorð síðastgreinds dóms en með heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir nú mega dæma honum refsingu sér í lagi en láta skilorðsdóminn haldast. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 45.000,- í sekt til ríkissjóðs og komi 4 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Með vísan til kröfugerðar ákærvalds, gagna málsins og tilvitnaðra ákvæða ber að gera upptæk fíkniefni eins og nánar greinir í dómsorði.

Enginn sakarkostnaður hlaust af rannsókn og rekstri málsins.

Dómsuppsaga hefur tafist lítillega vegna starfsanna dómars.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X greiði kr. 45.000,- í sekt til ríkissjóðs og komi 4 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Ákærði sæti upptöku á 0,44 grömmum af kókaíni samkvæmt efnaskrá lögreglu nr. 10.540.